

Ritdómur

Kristur: Saga hugmyndar eftir Sverri Jakobsson,
Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2018, 306 bls.

Sverrir Jakobsson er prófessor í miðaldasögu við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Í samræmi við það og í samræmi við undirtitil bókarinnar — „Saga hugmyndar“ — er markmið bókarinnar „að greina þróun hugmyndarinnar um Krist og hvernig hið sögulega minni um þessa áhrifamiklu persónu tók sífelldum breytingum“ (bls. 11). Hér er sem sagt ekki verið að fást við hinn sögulega Jesú, heldur *hugmyndina* eða öllu heldur *hugmyndir* um Jesú sem Krist á fyrstu öldum kristindómsins. Þetta er mikilvægur munur sem nauðsynlegt er að hafa í huga við lestur bókarinnar. Bókinni er ætlað að greina og sýna „hvernig breytt sögulegt samhengi breytti jafnframt hugmyndinni um Krist“ (bls. 5). Með öðrum orðum, hugmyndir og trúarsannfæringar verða ekki til í sögulegu tómarúmi, heldur myndar hið sögulega samhengi tilteknar hugmyndir og heldur áfram að móta þær. Hugmyndir eins og þær sem hér eru til umfjöllunar eru þess vegna illskiljanlegar án þekkingar á hinu sögulega samhengi.

Bókin inniheldur 12 meginkafla sem veita yfirlit yfir meginstrauma hugmyndarinnar um Krist fyrstu átta aldir kristindómsins. Fyrsti kaflinn ber titilinn „Í suðupotti trúarinnar“, en þar rekur Sverrir almennt sögu Rómaveldis á tímum Jesú, sér í lagi í samhengi landsvæðanna Júdeu og Galíleu („Palestínu“). Hér er farið yfir sögu Pontíusar Pílatúsar sem landstjóra í Júdeu, rómversku hugmyndina um keisarann Ágústus sem „frelsara“ og guð, stiklað á stóru um helleníska menningu, sérstaklega heimspekistefnu kýnika (hundingja), fjallað um Heródesarfjölskylduna og gyðinglegar messíasar- og heimsendahugmyndir á þessum tíma. Margt af þessu tilheyrir fyrst og fremst samhengi hins sögulega Jesú, en í ljósi markmiðs bókarinnar sem snýst um *hugmyndina* um Jesú má auðvitað spyrja sig hvort ekki hefði verið gagnlegra að víkka sjóndeildarhringinn og einblína meira á hugmyndafræðilegt samhengi fyrstu heimildanna um hugmyndina um Jesú og fjalla t.d. um heimspekistefnur eins og stóuspeki sem, eins og fjöldi fræðimanna hefur sýnt fram á, átti mun stærri þátt í mótun kristinnar hugmyndafræði en kýnisminn gerði nokkurn tíma.

Í kafla 2, undir yfirskriftinni „Hinn faldi Messías“, fjallar höfundur í fyrstu um elstu gyðinglegu heimildir um Jesú frá Nasaret (ef við undanskiljum rit gyðingsins Páls postula), nefnilega rit Flavíusar Jósefusar frá lokum 1. aldar e.Kr., en bendir réttilega á hversu takmarkaðar þær heimildir eru. Hann víkur því næst stuttlega að spurningunni um elstu heimildir kristindómsins um Jesú, þ.e.a.s. rit Páls postula (u.þ.b. 50–60 e.Kr.), en snýr sér þó engu að síður að Markúsarguðspjalli sem er meginviðfangsefni þessa kafla — Páll postuli bíður næsta kafla. Hér velkist lesandinn stundum í vafa um hvort höfundur sé, þrátt fyrir yfirlýst markmið, að einblína á ævisögu hins sögulega Jesú eða hugmyndina um Jesú. Sverrir fer yfir sögulegt samhengi guðspjallsins, sem er ritað um eða rétt fyrir árið 70 e.Kr. — þungamiðjuár í sögu gyðingdóms á 1. öld og þar með Jesúhreyfingarinnar, þegar Rómverjar

brutu niður uppreisn gyðinga og lögðu bæði borgina og sjálft musteri gyðinga í rúst — og síðan rekur höfundur helstu umsagnir guðspjallsins um Jesú Krist, með mörgum gagnlegum tilvísunum í texta Markúsar.

Í kafla 3, „Frelsarinn“, tekur Sverrir fyrir hugmyndir Páls postula um Krist. Eftir almenna umfjöllun um starf Páls og bréf hans er röðin komin að kristsfræði Páls og bendir höfundur réttilega á það að áhersla postulans lá ekki í tilvísunum í ævi og orð Jesú frá Nasaret, heldur einblíndi Páll fyrst og fremst á hinn krossfesta og upprisna Krist. Það vekur athygli að Sverrir lætur það eiga sig að vísa í fræðirit um Pál, enda fæ ég ekki séð að heimildaskrá hans aftast í bókinni innihaldi eitt einasta fræðirit um postulann, að undanskildum fáeinum áratuga gömlum umfjöllunum um hinn sk. „kristis-sálm“ í Filippíbréfinu 2.6–11. Þessi skortur á fræðilegu samhengi kemur sterkt fram í sumum þáttum kaflans, líkt og fullyrðingum höfundar á bls. 68 um boðun Páls: „Hugmynd hans virðist vera sú að Gyðingar og Grikkir eigi að laga sig hvorir að öðrum og láta hvor um sig af sinni sérstöðu; Gyðingar láta af kröfum um umskurn og trúnaði við lögmál Gyðinga en Grikkir tileinka sér trúna á guð Gamla testamentisins án þess að þátttaka í síðum Gyðinga fylgi með“. Þessi túlkun höfundar endurspeglar úrelta söguskoðun á Páli sem og gyðingdómi til forna sem flestir fræðimenn hafa fyrir löngu lagt að baki sér. En Sverrir hefur rétt fyrir sér að Páll virðist ekki hafa litið á Jesú Krist sem guð.

Í næsta kafla beinir höfundur sjónum sínum að spekibókmenntum og hugmyndinni um Jesú sem spámann og kennara, undir yfirskriftinni „Spámaðurinn“. Fyrst er athyglinni beint að hinni sk. „ræðuheimild“ eða „Q“ (fyrir *Quelle* = „heimild“) sem er það efni sem er sameiginlegt með Matteusar- og Lúkasarguðspjalli, en er ekki að finna í Markúsi (sem er hin meginheimild Matteusar og Lúkasar). Eins og höfundur bendir á er ýmislegt á huldu varðandi þessa heimild þar sem hún hefur hvergi varðveist sem slík, en flestir fræðimenn eru þó á því að hún hafi verið til sem rituð heimild og hafi verið rituð á svipuðum tíma og Markús. Þessi heimild, líkt og Tómasarguðspjall, inniheldur fyrst og fremst ræður Jesú fremur en lýsingar á starfi hans og æviviðburðum. Hér kemur Jesús fram sem vitur lærimeistari og spámaður. Hið sama má segja um Tómasarguðspjall sem höfundur fjallar lítilega um. Kaflanum lýkur á umfjöllun um ritið *Didache* eða Tólfpostulakenninguna í þessu sambandi, en að mati höfundar má sjá efnislegan skyldleika ritsins við ræðuheimildina.

Í kafla 5 er tekið fyrir Matteusar- og Lúkasarguðspjall undir yfirskriftinni „Getinn af heilögum anda“. Að loknum almennum inngangsfræðilegum hluta er sjónum einkum beint að dæmisögum Jesú í þessum textum sem hvorki er að finna í Markúsi né ræðuheimildinni. Ennfremur bendir höfundur á að meðal efnislegra nýjunga hjá Lúkasi sé aukin áhersla í guðspjallinu á hlutverk kvenna í frumkristni. Sammerkt með Matteusi og Lúkasi sé sú viðleitni að færa sönnur á það að messíasarhlutverk Jesú hafi verið uppfylling á spádómum „Gamla testamentisins“ sem staðfesti þar með veru hans sem messíasar. Í þessum textum er Jesús „sonur Guðs“ sem sá síðarnefndi gat fyrir tilstilli heilags anda. Að mati höfundar virðast Matteus og Lúkas hafa blandað saman tveimur hefðum í frásögnum sínum, annarri sem tengir faðerni Jesú við ætt Davíðs en hinni þar sem faðir hans er Guð sjálfur (heilagur andi), án þess þó að þessir höfundar haldi því fram að Jesús hafi verið guð sjálfur. Kaflanum lýkur á umfjöllun um Postulasöguna sem rituð var af Lúkasi, en Sverrir telur að einhverjar mótsagnir sé að finna í hugmyndum Lúkasar um Krist í þessum tveimur ritum, líklega sökum þess að efniviður Postulasögunnar komi úr ýmsum áttum. Sverrir ályktar, réttilega að mínu mati, að meginboðskapur Postulasögunnar sé sá að framtíð Jesúhreyfingarinnar liggi annars staðar en meðal gyðinga sem höfnuðu honum sem messíasi.

Í kafla 6, „Heimurinn þekkti hann ekki“, beinir höfundur sjónum sínum að elstu rómversku heimildunum um Jesú og Jesúhreyfinguna, þ.e.a.s. Tacítusi, Svetóníusi og Plíníusi yngri, sem allir vísa í þessa hreyfingu á tímabilinu u.þ.b. 110–120 e.Kr. Hér heldur höfundur því fram að Plíníus sé „elsta heimildin um að kristnir menn hafi tilbeið þúsúm líkt og Guð“ (bls. 136). Þetta álit er þó ekki í samræmi við almennt álit fræðimanna, því að flestir eru sammála um að Jóhannesarguðspjall hafi verið ritað a.m.k. 10 árum fyrr (u.þ.b. 90–100 e.Kr.), en þar virðist Jesús vera ávarpaður sem Guð sjálfur af einum lærisveinanna (Jóh 20.28). Fullyrðing Sverris um að guðspjallið hafi verið skrifað í upphafi 2. aldar á fyllilega rétt á sér — ýmislegt gæti bent til þess að ritið sé nokkru yngra en samstofna guðspjöllin — en hún er ekki í samræmi við almennt viðhorf fræðimanna og kallar því á tilvísun í frekari rökstuðning. En höfundur bendir réttilega á að sú ævisaga Jesú sem sögð er í Jóhannesarguðspjalli er afar ólík þeirri sem birtist í samstofna guðspjöllunum og að hugmyndin um Krist sem *logos* („Orðið“) hafi líklega verið undir áhrifum frá grískri heimspeki.

Í sjöunda kafla bókarinnar, „Margar vistarverur“, er sjónarsviðið fært út fyrir rit Nýja testamentisins og lengra inn á 2. öldina þegar kristindómurinn verður til sem slíkur og farið er að skilgreina hann nánar. Hér er fjallað um Hegesippos, Markíon, Ebíoníta, Jústínus píslarvott, Valentínus og Íreneus, en margir þessara manna háðu harða baráttu um tillkall til hins eina og sanna kristindóms.

Í kafla 8, „Guðfræði í mótun“, er fjallað lítillega um megináherslur spekistefnunnar eða *gnosis* sem tók að vaxa á 2. öld. Hér koma til hugmyndir sem fyrst og fremst voru sóttar til platónisma, en þær höfðu talsverð áhrif á þær innbyrðis deilur sem framundan voru um eðli Guðs og eðli Krists. Gegn þessum straumum kristinnar börðust menn eins og Hippólýtus og Tertúllíanus, sem voru afar gagnrýnir á þátt grískrar heimspeki, en menn eins og Klemens frá Alexandríu og nemandi hans, Órígenes, börðust hins vegar gegn gnóstískum áherslum með hjálp heimspekinnar.

„Eðli Guðs“ er titill 9. kaflans, en þar er farið yfir deilurnar miklu á 4. öld um eðli hins „þríeina“ Guðs, þar sem kenningar Aríusar frá Alexandríu voru einkum í brennidepli. Sverrir rekur þarna þær veigamiklu umræður sem áttu sér stað á Níkeuþinginu árið 325 og þær kenningarlegu niðurstöður sem komist var að á þinginu í þessu sambandi, m.a. í formi hinnar sk. Níkeujátningar. Ennfremur er farið yfir samhengi kirkjuþingsins í Konstantínópel árið 381, þar sem lögð var fram endurskoðuð útgáfa af Níkeujátningunni sem notuð er enn þann dag í dag. Kaflanum lýkur á umfjöllun um Ágústínus frá Hippó. Í framhaldi af umræðunni um eðli Guðs tóku sjónir fólks að beinast nánar að spurningunni um eðli Krists.

Í tíunda kafla bókarinnar („Eðli Krists“) er farið yfir þessa umræðu og átökin á milli kristinna í Alexandríu annars vegar og Antíokkíu hins vegar, átök sem oftast voru á kenningarlegum grunni en stundum einnig á kirkjuþólitískum grunni. Hér er rakin deilan um það hvort María, móðir Jesú, hafi verið „guðsmóðir“ eða (einungis) „kristsmóðir“, en sú spurning valt á spurningunni um eðli Krists sem manns og guðs og jafnvægið þar á milli. Saga og umræða kirkjuþingsins í Efesus árið 431 er rakin í þessu sambandi, en þar tókust einkum á fylgismenn Nestoríusar annars vegar og Kyrillusar hins vegar, þar sem sá síðarnefndi bar sigur úr býtum. Ennfremur er farið yfir umræður kirkjuþinganna í Efesus árið 449 og Kalkedon árið 451 þar sem brugðist var við þeirri „einedlishyggju“ sem mótast hafði í umræðum fyrri þinga og henni ýtt til hliðar fyrir „tvíeðlishyggju“. Sú niðurstaða styrkti þann klofning í sessi sem verið hafði að mótast á milli austurs og vesturs.

Í ellefta kafla er sjónum beint að þessum klofningi, undir yfirskriftinni „Klofin kirkja“. Eins og Sverrir bendir á varð vaxandi togstreita á milli biskupanna í Róm og Konstantínópel

einungis til þess að flækja kenningarlegar umræður um eðli Krists. Ennfremur er farið yfir þátt Justiníanusar keisara í hinum kenningarlegu deilum og umræður kirkjuþingsins í Konstantínópel árið 553. Fordæmingar og bannfæringar, jafnvel á látnum kirkjufedrum eins og Órígenesi, voru áberandi á þessum tíma.

Í síðasta meginkafla bókarinnar, „Hin almenna kirkja í austri og vestri“, gefur Sverrir yfirlit yfir kenningarlegar deilur um eðli Krists á 7. og 8. öld. Farið er yfir þátt ýmissa kirkjufedra, eins og Maxímusar játara, Sófroníusar og Phyrusar, og niðurstöður kirkjuþinganna í Konstantínópel árið 680, í Róm árin 691–692, í Aquileia árið 698, í Níkeu árið 787 og í Frankfurt árið 794 reifaðar. Raktar eru deilur um hlutverk helgimynda (íkóna) af Kristi, móður hans eða dýrlingum í kristinni tilbeiðslu.

Í eftirmála, undir titlinum „Hvern segja menn mig vera?“ (sbr. Mark 8.27), gefur Sverrir gagnlega samantekt af túlkun sinni á sögu hugmyndanna um Krist. Að hans mati tengjast mikilvægustu breytingarnar á þróun þessara hugmynda tvennu, annars vegar útbreiðslu kristni meðal annarra en Gyðinga, sem olli því að gyðinglegur messías þróaðist yfir í guðlega veru, og hins vegar þeirra breytinga sem urðu á kristni eftir að hún varð opinber siður í Rómaveldi, m.a. með markvissum tilraunum til samræmdra trúarjátninga.

Það er ekki létt verk að gera átta alda sögu hugmynda um Jesú Krist góð skil í einni bók. Heimildirnar eru takmarkaðar og túlkun þeirra jafnan umdeild. Rannsóknarsagan er ennfremur mjög umfangsmikil og fræðasviðin sem snert eru eru mörg: nýjatestamentisfræði, kirkjufedrafræði, kirkjusaga, trúfræði, með öllum þeim undirgreinum sem þessi svið fela í sér, en öll byggjast þessi svið m.a. á sagnfræðilegri nálgun. Þetta þýðir að rannsakandinn verður ekki einungis að setja sig vel inn í hinar fornu heimildir, heldur þarf viðkomandi einnig að kynna sér rannsóknarsöguna vel, sér í lagi stöðu nýjustu rannsókna í fræðunum og almennt álit fræðimanna í einstaka atriðum. Þetta síðastnefnda er sérstaklega mikilvægt þegar um nálgun sem þessa er að ræða, þ.e.a.s. að gefa lesandanum almenna mynd af túlkunarsögunni.

Sverrir skrifar á góðu og vel skiljanlegu máli og nær vel til lesanda síns, a.m.k. þess lesanda sem hér skrifar. Hann kemur því vel til skila að hann hefur unnið skilmerkilega með frumheimildirnar og það er ljóst að hann kann sína grísku, enda með gráðu bæði í grísku og latínu. Það er sannarlega kostur hversu mikið Sverrir gefur upp af gríska frumtextanum, en að mínu viti hefði verið heppilegra að umrita gríska letrið, líkt og gert er með hebreska letrið (t.d. bls. 26, 29), þar sem markhópur bókarinnar er væntanlega miklu stærri en sá takmarkaði hópur Íslendinga sem les grískt letur. Annar styrkleiki bókarinnar er einmitt hversu margar tilvísanir hún geymir í frumtextana. Eins er mikið af áhugaverðum myndum að finna í bókinni sem eykur gildi hennar mikið.

Veikleikar bókarinnar liggja hins vegar í takmörkuðu samhengi rannsókna á efninu. Það vekur til að mynda óneitanlega athygli að rannsóknir íslenskra guðfræðinga séu með öllu hunsaðar, með þeirri einu undantekningu að vísað er í bók Einars Sigurbjörnssonar, *Kirkjan játar* (2. útg., 1991), þó ekki sem rannsókn heldur frumheimild. Rannsóknir annarra íslenskra guðfræðinga, að meðtöldum nýjatestamentisfræðingum, kirkjusagnfræðingum og trúfræðingum, á íslensku eða erlendum tungumálum, eru ekki nefndar. Hvernig má það vera, í íslenskri bók um kristna hugmyndasögu?

En veikleikar bókarinnar felast ekki bara í skorti á íslensku fræðasamhengi. „Eftirheimildir“ (e. *secondary sources*) eru fáar miðað við umfang efnisins og margar þeirra eru komnar til ára sinna. Þetta á sérstaklega við um rannsóknir innan nýjatestamentisfræða sem eru af skornum skammti. Eins og fram kom hér að framan á þetta ekki síst við um rannsóknir á

bréfum Páls postula sem eru elstu heimildirnar sem við höfum um hugmyndir um Jesú Krist. Sverrir minnst t.d. ekki á hina sk. *pistis Christou* deilu sem hefur verið svo áberandi innan fræðanna, en hún snýst um það hvort þýða eigi gríska frasann *pistis Christou* sem „trú á Krist“ (sem er hið hefðbundna viðhorf, sem sjá má í flestum opinberum þýðingum) eða „trúfesti Krists“ (eins og flestir fræðimenn telja í dag). Munurinn er afgerandi fyrir hugmyndina um Jesú og trúarlegt hlutverk hans: Er Páll t.d. að tala um í Rómverjabréfinu 3.22 að réttlæti Guðs sé til handa þeim sem í einhverjum skilningi „trúa á Jesú Krist“ eða er það „trúfesti Jesú Krists“, sem „varð hlýðinn allt til dauða“ (sbr. Fil 2.8), sem gerir það að verkum að Guð líti á fólk sem réttlætt? Eða er það á einhvern hátt bland beggja? Flest nýleg inngangsrít um Pál postula innihalda lýsingu á fræðilegum álitamálum sem þessum, sem svo sannarlega eiga heima í bók sem snýst um elstu hugmyndirnar um Jesú Krist.

Almennt má segja að bókin *Kristur: Saga hugmynda* geymi að mörgu leyti gagnlegt yfirlit yfir sögu hugmynda um Krist fyrstu aldir kristindómsins, sérstaklega frá 4. öld og áfram, þar sem upplýsingarnar sem við höfum eru umfangsmeiri og afdráttarlausari en fyrstu aldirnar. Rannsóknarsamhenginu er þó ábótavant í bókinni, en höfundurinn vinnur náið með frumheimildirnar og tilgreinir þær skilmerkilega.